



Judosamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6, 104 Reykjavík

50. ársþing Judosambands Íslands

Haldið í D sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal

Laugardaginn 24. maí 2021 kl. 11:00

1. Þingsetning.

Jóhann Másson formaður JSÍ setur þing. Býður gesti velkomna.

2. Kosin kjörbréfanefnd

Stjórn tilnefni Hans Rúnar Snorrason, Gunnar Jóhannesson og Garðar Skaptason.

Tillaga samþykkt, kjörnefnd tekur til starfa. Kjörbréf 9 þingmanna gild. Fulltrúa vantar frá UMFP þannig að 8 aðilar hafa atkvæðisrétt á þingi og skiptast þingsæti þannig:

Judodeild Ármanns	1 Björn Sigurðarson
Judodeild Grindavíkur (UMFG)	1 Gunnar Jóhannesson
Judodeild ÍR	1 Gísli Egilson
Judofélag Garðarbæjar (JG)	1 Björn Halldórsson
Judodeild Selfoss (UMFS)	1 Bergur Pálsson
Judodeild KA	1 Hans Rúnar Snorrason
Judofélag Reykjavíkur	2 Bjarni Friðriksson, Jón Hlíðar Guðjónsson

3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Gerð tillaga um að Arnar Freyr Ólafsson varaformaður JSÍ verði fundarstjóri og Ari Sigfússon ritari JSÍ verði fundarritari. Tillaga samþykkt.

4. Kosnar fastar nefndir

Stjórn gerir tillögu að eftirtalinni nefndarskipan:

a) **Fjárhagsnefnd:** Kristján Daðason, Bergur Pálsson og Gunnar Jóhannesson. Tillaga samþykkt.

b) **Laga- og leikreglanefnd:** Garðar Skaptason, Hans Rúnar Snorrason og Bjarni Friðriksson. Tillaga samþykkt.

c) **Allsherjarnefnd:** Jón Hlíðar Guðjónsson, Marteinn Ægisson og Gísli Egilson. Marteinn fjarverandi þannig að gerð er tillaga að Karen Rúnarsdóttur í hans stað. Tillagan samþykkt.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Jóhann Másson fer yfir störfina á liðnu ári. Sjá nánar í ársskýrslu JSÍ 2020 sem dreift var á fundinum og birt er á vef JSÍ. Ekki fór fram umræða um skýrslu stjórnar.

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga JSÍ til samþykktar

Kristján Daðason leggur fram reikninga. Reikningar samþykktir samhljóða.



7. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Kristján Daðason mælir fyrir tillögu að fjárhagsáætlun. Engar spurningar um fjárhagsáætlun, vísað til fjárhagsnefndar.

8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið

Fundarstjóri fer yfir þingskjöl. Alls bárust 8 þingskjöl. Öllum þingskjölum vísað til laga- og leikreglnanefndar til meðhöndlunar.

Þingskjölin eru:

Þingskjal 1. Tækniráð leggur til breytingu á grein 1.6. í gráðureglum um tilnefningu gráðudómara.

Þingskjal 2. Tækniráð leggur til breytingu á grein 3.1 í gráðureglum um fjölgun móta sem geta talist með í keppnisárangri sem telur til gráðunar í 1. dan

Þingskjal 3. Tækniráð leggur til breytingu á grein 3.2 í gráðureglum um fjölgun móta sem geta talist með í keppnisárangri sem telur til gráðunar í 2. dan

Þingskjal 4. Stjórn JSÍ leggur til breytingu á 1. gr. laga JSÍ. Bætt við texta um aðild að Alþjóða Judosambandinu IJF

Þingskjal 5. Stjórn JSÍ leggur til breytingu á 2. gr. laga JSÍ. Bætt við texta með vísun í gr. 5.2 í lögum ÍSÍ og lýsingu á hverjir teljast virkir iðkendur.

Þingskjal 6. Stjórn JSÍ leggur til breytingu á 9. gr. laga JSÍ. Þinggerð verði aðeins send framkvæmdastjórn ÍSÍ. Annars verði birting á rafrænu formi á vef JSÍ.

Þingskjal 7. Stjórn JSÍ leggur til breytingu á 9. gr. laga JSÍ. Um störf Judopings. Felldir verði út núverandi liðir 9 um umræðu um aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar og liður 14. um kosningu dómaranefndar (sjá einnig þingskjal 8 um tillögu um breytingu á skipun dómaranefndar).

Þingskjal 8. Stjórn JSÍ leggur til breytingu á 10. gr. laga JSÍ. Fjölða aðila í tækniráði verði breytt úr 3-5 í 3 og að dómaranefnd skuli skipuð af stjórn í þess að vera kjörin á þingi.

9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Engin önnur mál hafa borist til stjórnar.



Fundarstjóri gerir þinghlé frá 12:00 til 12:30. Nefndir taka til starfa.

Þing hefst að nýju.

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

a) Frá fjárhagsnefnd. Tekin fyrir fjárhagsáætlun, merkt þingskjal 14.

Kristján Daðason gjaldkeri JSÍ mælir fyrir fjárhagsáætlun og segir frá umræðu í fjárhagsnefnd.

Atkvæðagreiðsla fer fram. **Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.**

b) Frá laga- og leikreglnanefnd.

Bjarni Friðriksson JR gerir grein fyrir niðurstöðum nefndar og skjöl tekin jafn óðum til atkvæðagreiðslu.

Þingskjal 1. Nefnd gerir breytingartillögu sem verður þá þingskjal 9. Breytingatillaga samþykkt samhljóða. Þingskjal 1 ógildist þar með.

Þingskjal 2. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 3. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 4. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 5. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 6. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt, 1 atkvæði á móti.

Þingskjal 7. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 9. Breytingatillaga nefndar við skjal 1. Samþykkt samhljóða.

Þar með lauk umfjöllun um mál laga- og leikreglnanefndar.

c) Allsherjarnefnd

Engin erindi voru send til allsherjarnefndar.

11. Kjör heiðursformanns

Engar tillögur lágu fyrir um kjör á heiðursformanni.



12. Önnur mál

Jóhann Másson formaður JSÍ tók til máls undir þessum lið og sæmdi Daníel Reynisson úr Judodeild Ármanns gullmerki JSÍ fyrir áralangt starf í þágu sambandsins og íþróttarinnar.

13. Kosnir 3 menn í aganefnd og 3 til vara

Stjórn JSÍ gerir tillögu að eftirtöldum aðalmönnum í aganefnd.

- Teitur Sveinsson
- Haraldur Baldursson
- Víkingur Víkingsson

Ekki gerðar aðrar tillögur að aðalmönnum í aganefnd.

Aðalmenn eru því: Teitur Sveinsson, Haraldur Baldursson, Víkingur Víkingsson

Stjórn gerir tillögu að eftirtöldum varamönnum í aganefnd.

Jón Egilsson

Daníel Reynisson

Tryggvi Þór Gunnarsson Halldór Sveinsson

Björn Sigurðarson bendir á að Tryggvi Þór Gunnarsson þiggi ekki sæti en tilnefni Halldór Sveinsson JDÁ.

Tillaga með breytingartillögu Björns samþykkt.

Varamenn eru því: Jón Egilsson, Daníel Reynisson og Halldór Sveinsson

14. Kosnir 3 menn í dómaranefnd og 3 til vara

Vísað til stjórnar með vísan til nýgerðrar lagabreytingar. (Þingskjal 8).

15. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.

Samþykkt að vísa til stjórnar líkt og hefð er fyrir. (Bókað var í síðustu þinggerð að misræmi væri milli greina í lögum JSÍ, þ.e. að bæði þing og stjórn hefðu það hlutverk að tilnefna fulltrúa á ÍSÍ þing. Því miður fórst fyrir að koma að lagabreytingatillögu um þetta mál).

16. Kosning stjórnar, varamanna í stjórn og skoðunarmanna

Á oddatölu ári er formaður auk tveggja stjórnarmanna í kjöri. Fráfarandi stjórnarmenn eru: formaður Jóhann Másson, Ari Sigfússon og Birkir Hrafn Jóakimsson.

Birkir Hrafn gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Jóhann Másson býður sig fram til áframhaldandi formennsku. Kjörinn með lófataki.

Stjórn gerir tillögu að eftirtöldum aðilum í framboð til aðalstjórnar:

Ari Sigfússon (JR)

Ásgeir Ásgeirsson (ÍR)

Kjörnir aðalmenn í stjórn eru því: Jóhann Másson formaður, Ari Sigfússon og Ásgeir Ásgeirsson



Kosið um 3 varamenn í stjórn JSÍ.

Stjórn leggur til að varastjórn verði skipuð eftirtöldum aðilum:

1. vm. Sigmundur Magnússon (KA)
2. vm. Logi Haraldsson (JR)
3. vm. ~~Arnar Þór Sigurðsson (ÍR)~~ Gísli Egilson (ÍR)

Gísli Egilson bendir á að Arnar Þór Sigurðsson óski ekki eftir endurkjöri í varastjórn og býður fram eigin krafta. Ekki berast önnur framboð.

1.varamaður er því Sigmundur Magnússon. 2. varamaður er Logi Haraldsson og 3. varamaður er Gísli Egilson

Skoðunarmenn reikninga.

Runólfur Gunnlaugsson er sjálfkjörinn skoðunarmaður reikninga og Gísli Jón Magnússon sjálfkjörinn varamaður.

17. Þingslit

Jóhann Másson formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir þing og sleit þingi um kl. 13:20

Sjá nánar töflur yfir stjórnar- og nefndarmenn á öftustu síðu.



Tafla 1. Nöfn og kjörtímabil aðalstjórnarmanna JSÍ.

Aðalstjórn (skiptir með sér verkum á fyrsta fundi)			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Jóhann Másson	Formaður	2021	2023
Ari Sigfússon	Meðstjórnandi	2021	2023
Ásgeir Ásgeirsson	Meðstjórnandi	2021	2023
Arnar Freyr Ólafsson	Meðstjórnandi	2020	2022
Bjarni Skúlason	Meðstjórnandi	2020	2022
Karen Rúnarsdóttir	Meðstjórnandi	2020	2022
Kristján Daðason	Meðstjórnandi	2020	2022

Tafla 2. Nöfn varastjórnarmanna JSÍ 2021-2022

Varastjórn			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Sigmundur Magnússon	1.varamaður	2021	2022
Logi Haraldsson	2.varamaður	2021	2022
Gísli Egilsson	3.varamaður	2021	2022

Tafla 3. Skipan aganefndar 2021-2022

Aganefnd			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Haraldur Baldursson	Aðalmaður	2021	2022
Teitur Sveinsson	Formaður	2021	2022
Víkingur Víkingsson	Aðalmaður	2021	2022
Jón Egilsson	Varamaður	2021	2022
Daníel Reynisson	Varamaður	2021	2022
Halldór Sveinsson	Varamaður	2021	2022

Tafla 4. Skipan dómarnefndar 2021-2022

Dómarnefnd			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Stjórn JSÍ skipar dómarnefnd			

Tafla 5. Skoðunarmenn reikninga 2021-2022

Skoðunarmenn reikninga			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Runólfur Gunnlaugsson	Skoðunarmaður	2021	2022
Gísli Jón Magnússon	Varaskoðunarm.	2021	2022